

73

17. des.

AUGLÝSING

um framlengingu viðskiptasamnings við Spán.

Með erindum, dags. 21. og 26. nóvember 1953, milli sendiherra Íslands á Spáni, Péturs Benediktssonar, og Don Alberto Martín Artajo, utanríkisráðherra Spánar, var gert í Madrid samkomulag milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Spánar um að framlengja um eitt ár viðskiptasamning þann milli Íslands og Spánar, er undirritaður var í Madrid 17. desember 1949 og síðan framlengdur í desember 1950, í desember 1951 og aftur í desember 1952.

Samningurinn gildir því til ársloka 1954.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 17. desember 1953.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

74

17. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 83 26. nóv. 1948, um skattfrelsi vinninga o. fl.
varðandi happdrættislán ríkissjóðs.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Krafa um áfallinn vinning fyrnist á 15 árum frá gjalddaga. Sé vinningsins ekki vitjað innan þess tíma, verður hann eign ríkissjóðs.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. taka einnig til vinninga þeirra, sem þegar hafa verið útdregnir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 17. desember 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.